

**Sp. 415. Tillaga til þingsályktunar**

um minningu 20 ára fullveldis þjóðarinnar.

Flm.: Thòr Thors.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að 20 ára afmælis fullveldis þjóðarinnar, hinn 1. desember þ. á., verði minnzt á virðulegan og viðeigandi hátt á Íslandi og erlendis, þar sem því verður við komið. Skal ríkisstjórnin vera í samráði við utanríkismálanefnd um það, á hvern hátt afmælisins helzt verði minnzt erlendis. Jafnframt ályktar Alþingi, að æskilegt væri að gefa út sérstakt minningarrit vegna þessa atburðar, og sé það út gefið á að minnsta kosti einu heimsmálanna, auk íslenzku.